

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og Byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella

28.12.2022
2022-12-71/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um skipulagslýsingu deiliskipulags fyrir græna iðngarða í Rangárþingi Ytra

Landsneti barst þann 27. desember 2022 beiðni um að veita umsögn um skipulagslýsingu deiliskipulags grænna iðngarða í Rangárþingi Ytra. Frestur til að veita umsagnir er til 2. janúar 2023.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því. Landsnet furðar sig á stuttum umsagnarfresti þessarar vinnslutillögu yfir jól og áramót og óskar þess að fá skiplagstillöguna sjálfa að nýju til skoðunar þegar formleg kynning hennar hefst.

Sveitarfélaginu er kunnugt um að Landsnet vinnur að undirbúningi Rimakotslínu 2, jarðstrengs milli Helli og Hvolsvallar, sem ætlað er að liggja meðfram Suðurlandsvegi og miðað við gögn skipulagslýsingar mun þá verða á milli vegarins og fyrirhugaðra iðngarða. Þar sem undirbúningur strenglagnarinnar er langt kominn, er mikilvægt að þegar unnið verður að skipulagningu iðngarðanna taki það mið af strenglögnum og hafi ekki áhrif á frekari verkhönnun strengsins.

Virðingarfyllt

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

Einar Snorri Einarsson